

**L Ö G**

**um breyting á lögum nr. 30 28. ágúst 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

2. málsgr. 2. gr. laganna orðist þannig:

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun á sauðfé og stórgripum til eins árs í senn í sláturhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerð að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telur, að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekist þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema til ársloka 1982.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört i Reykjavík, 7. maí 1980.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Pálmi Jónsson.*

**AUGLÝSING**

**um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 78/1979.**

Forseti Íslands féllst hinn 2. maí 1980 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 78, 22. ágúst 1979, fyrir Háskóla Íslands.

**1. gr.**

Aftan við 112. gr. bætist ný grein sem verður 113. gr. og hljóðar svo:

**113 gr.**

**Nám í uppeldis- og kennslufræðum.**

Nám í uppeldis- og kennslufræðum tekur til námsefnis í uppeldisfræði, uppeldislegrí sálarfræði, kennslufræði og kennslu og skal námskrá ákveðin með tilliti til sérþarfa kennslu- og uppeldisstarfa.

Nám þetta skal alls svara til 30 e. Þó er heimilt að veita stúdentum, sem hafa lokið samsvarandi námskeiðum og/eða aflað sér verulegrar reynslu af kennslustörfum, undanþágu frá tilteknum námskeiðum.

Háskólinn skal láta stúdentum, er ljúka þessu námi, í té sérstakt prófvottorð. Heimilt er að hafa samvinnu við Kennaraháskóla Íslands um þetta nám og semja um að hann annist tiltekna þætti þess.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 6. maí 1980.*

**Ingvar Gíslason.**

**Birgir Thorlacius.**